

Samþykkt um kjör fulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar
vegna funda og ráðstefna

1. gr.

Inngangur

Samþykkt þessi byggir á samþykktum um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar nr. 591/2013 sem og útgefnum viðmiðum Sambands íslenskra sveitarfélaga um launakjör kjörinna fulltrúa. Samþykktin fjallar um þóknun sveitarstjórnarmanna og nær einnig til launakjara fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins.

2. gr.

Markmið

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa er:

- ☐ Að fulltrúar fái laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins.
- ☐ Að fulltrúar njóti kjara sem eru sambærileg við það sem gerist í sambærilegum sveitarfélögum og ríkinu.
- ☐ Að kjör fulltrúa séu gagnsæ.

3. gr.

Viðmiðunarfjárhæð

Laun kjörinna fulltrúa skulu taka mið af þingfararkaupi ár hvert og greiðast samkvæmt því hlutfalli sem fram kemur í greinum hér á eftir.

Bæjarráð getur ákveðið aðrar hlutfallsskiptingu ef breyting verður á fyrirkomulagi eða störfum bæjarfulltrúa

4. gr.

Starfsaðstaða bæjarfulltrúa

Kjörnir fulltrúar hafa aðgang að fundaraðstöðu með nettengingu í ráðhúsi.

Sveitarfélagið greiðir farsímakostnað bæjarfulltrúa í samræmi við reglur sveitarfélagsins um þátttöku í farsímakostnaði starfsmanna (frá 1. janúar 2017).

Bæjarfulltrúar fá greidda fasta fjárhæð vegna kaupa á tölvu, spjald- eða símtæki að upphæð 175.000 kr. á hverju kjörtímabili gegn framvísun kaupnótu.

5. gr.

Þóknun vegna funda og ráðstefna

Launum bæjarfulltrúa er ætlað að mæta vinnuframlagi vegna starfa þeirra í þágu sveitarfélagsins, en þau snúa að stefnumótun, eftirliti með starfsemi sveitarfélagsins og gæslu hagsmuna fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Meðal þeirra starfa sem um ræðir eru fundarseta í bæjarstjórn, þátttaka í ráðstefnum um sveitarstjórnarmál, þátttaka í fundum við aðrar stofnanir til að gæta hagsmuna sveitarfélagsins, undirbúningur fyrir fundi, rýni gagna sem varða sveitarstjórnarmál, vinnufundir bæjarstjórnar, lestur ýmissa skýrslna og fundargerða, samskipti við íbúa og starfsfólk sveitarfélagsins. Samkvæmt 22. Grein sveitarstjórnarlaga ber kjörnum fulltrúm að sækja alla þá fundi sem þau hafa verið kjörin til að sitja, nema lögbundin forföll hamli.

Launum annarra kjörinna fulltrúa og nefndarmanna er ætlað að mæta vinnuframlagi vegna undirbúnings og þátttöku í fundum viðkomandi nefnda eða ráða, þannig að nefndarmenn geti verið vel inni í þeim málum sem til umfjöllunar eru.

Fyrir setu í nefndum og ráðum sveitarfélagsins er greitt fyrir fundarsetu utan þess að

formaður fær að auki fasta greiðslu. Þessar greiðslur ná til vinnu vegna sveitarstjórnarmála almennt og fulltrúa í svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðar. Laun fyrir störf í bæjarstjórn, bæjarráði og nefndum skulu nema skilgreindum hundraðshluta af þingfararkaupi. Greitt er 11,5 % mótframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð.

Nefndarlaun skulu greidd út á þriggja mánaða fresti, 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert og nefndarlaun bæjarfulltrúa og varamanna í bæjarstjórn greidd út samhliða mánaðarlaunum.

Nefndarlaun miðast við framlagðar fundargerðir fyrir bæjarstjórn.

Bæjarstjórn

Forseti bæjarstjórnar 20% á mánuði - fundarseta innifalin

1. og 2. Varaforseti 15% á mánuði - fundarseta innifalin

Bæjarfulltrúi 14% á mánuði - fundarseta innifalin

Varamaður 3% á mánuði

Varamaður 3% fundarseta

Bæjarráð

Formaður bæjarráðs 25,0% á mánuði - fundarseta innifalin

Aðalmaður 18% á mánuði - fundarseta innifalin

Áheyrnarfulltrúi 18% á mánuði - fundarseta innifalin

Varamenn 3,0% á mánuði

Varamenn 4,0% fundarseta

Nefndir og ráð

Formaður 5,5% fyrir setinn fund

Varaformaður 3% fyrir setinn fund í fjarveru formanns

Aðalmaður 2,5% fyrir setinn fund

Varamaður 2,5% fyrir setinn fund

Áheyrnarfulltrúar framboða 2,5% fyrir setinn fund

Áheyrnafulltrúi ungmennaráðs 1,5% fyrir setinn fund

6. gr.

Þóknun vegna funda og ráðstefna utan sveitarfélags

Þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins á ráðstefnum og fundum utan sveitarfélags, sem sveitarstjórn ákveður að taka þátt í skal vera sem hér segir:

Fyrir hvern dag skal greiða sem nemur 3% af viðmiðunarfjárhæð.

7. gr.

Þóknun fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga

Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga er greidd af viðkomandi samtökum, nema um annað sé samið sérstaklega.

Greiði sveitarfélagið fyrir slíka setu skal greiða sem nemur 1,5% af viðmiðunarupphæð fyrir setinn fund.

8. gr.

Starfshópar/vinnuhópar/verkefnislið

Ákveði bæjarstjórn, bæjarráð eða fastanefnd að setja á fót starfshóp, vinnuhóp eða

verkefnislið skal koma fram í bókun þar sem slík ákvörðun er tekin ef lagt er til að greitt verði fyrir fundarsetu. Ef ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna launa vinnuhóps í samþykkttri fjárhagsáætlun þarf að óska eftir samþykki bæjarráðs fyrir fjárveitingu vegna þess áður en vinna hópsins hefst.

Skipunarbréf skal leggja fyrir bæjarráð til samþykktar og skal það innihalda meðal annars tilgang og markmið með stofnun ásamt kostnaðar og tímaáætlun sem starfshóp/vinnuhóp er ætlað til að skila niðurstöðu.

Fyrir hvern setinn fund skal greiða sem nemur 2% af viðmiðunarfjárhæð.

9. gr.

Laun kjörstjórnar

Fyrir setu í kjörstjórn er greitt skv. tímagjaldi fyrir unnar klukkustundir og skal miðað við 5% af viðmiðunarfjárhæð. Kjörstjórn fær greitt fyrir undirbúning, vinnu á kjördag og frágang að kosningum loknum.

10. gr.

Laun í orlofi og veikindum

Bæjarstjórnarfulltrúar skulu fá greidd laun á meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur. Bæjarstjórnarfulltrúar njóta einnig sama veikindaréttar og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.

11. gr.

Um ferðir og gistingu

Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmastan hátt, t.d. nýta ökutæki sveitarfélagsins, leigja bíl eða samnýta ferðakosti ef mögulegt er. Greiða skal gisti og fæðiskostnað með dagpeningum í þeim tilfellum sem sveitarfélagið sér fulltrúa ekki fyrir fæði og gistingu. Greitt er eftir ákvörðun ríkisskattstjóra um ferðakostnað á hverjum tíma. Akstur vegna starfa í þágu sveitarfélagsins er einungis greiddur eftir akstursdagbók eða reikningi. Miðast greiðslur per. ekinn km. af ákvörðun ríkisskattstjóra um aksturskostnað. Fyrir akstur á eigin bíl til og frá Reykjavík skal greiða ígildi flugfars til og frá Reykjavík. Um ferðir til útlanda gildir hið sama en fulltrúar skulu fá samþykki bæjarráðs fyrir öllum slíkum ferðum og útgjöldum fyrirfram. Bæjarfulltrúi skal hafa samráð við bæjarstjóra áður en ferðamáti er ákveðinn.

Fulltrúar sem hafa búsetu í dreifbýli fá greiddan akstur samkvæmt akstursbók vegna nefndarfunda í þéttbýlinu Höfn. Greiðsla miðast við akstur frá heimili að þéttbýli og til baka að frátöldum fyrstu 15 km. á hvorri leið.

12. gr.

Um fjármálaráðstefnu og ársþing SASS

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skal bæjarstjórn kjósa sér fulltrúa á ársþing SASS ásamt varamönnum, miðað við samþykktir SASS. Auk þeirra skal öllum aðalfulltrúum í bæjarstjórn vera heimilt að sækja ársþing SASS, sem og fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Forfallist aðalmaður skal varafulltrúa vera heimilt að sækja fundina í hans stað.

13. gr.

Skil á skýrslu

Viðkomandi fulltrúi ber ábyrgð á að koma réttum upplýsingum til launafulltrúa

sveitarfélagsins.

14. gr.
Gildistími

Reglurnar taka gildi 1. janúar 2026 og um leið falla eldri samþykktir um kjör fulltrúa úr gildi.
Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 11.12.2025

Sigurjón Andrésson
Bæjarstjóri

